



26. nóvember 2025

Efni: Kárnesstígur á sunnanverðu Kársnesi – deiliskipulag – sálfélagsleg greining – umsögn

Í tölvupósti 10. nóvember 2025 óskuðu Útivistarsamtök Kársness eftir umsögn undirritaðs um gögn deiliskipulags Kárnesstígs á sunnanverðu Kársnesi í Kópavogi sem lögð voru fram til kynningar þann 13. nóvember 2025.

1. Inngangur

Kópavogsbær undirbýr nú endurbætur á Kárnesstíg á sunnanverðu Kársnesi með áherslu á bætt aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Í skipulagsdrögum VSÓ Ráðgjafar dags. 31. október 2025 sem lögð hafa verið fram til forkynningar, er gerð tillaga að aðgreindum hjólastíg samsíða Kárnesstíg á um 1 km löngum kafla frá norðvesturmörkum Þingholtsbrautar 71 að syðsta hluta Urðarbrautar. Á svæðinu eru nú útivistarstígur, græn svæði og áningarstaðir tengdir stígunum.

Í skipulagsdrögnum segir að með hjólastígunum sé stuðlað að skýrari aðgreiningu milli gangandi og hjólandi umferðar og auknu öryggi allra vegfarenda.

Samhliða skipulagsdrögnum voru eftirtalin gögn lögð fram til kynningar:

Umhverfismatsskýrsla,¹ valkostagreining,² rýni á valkostum³ og minnisblað sem fjallar um áhrif breikkunar útivistarstígsins á nærliggjandi umhverfi.⁴

¹ Efla (2025, 29. október). Umhverfismatsskýrsla. Suðurströnd Kársness, deiliskipulag.

² Umhverfissvið Kópavogsbæjar (2022, 5. desember). Valkostagreining fyrir göngu- og hjólastíg um sunnanvert Kársnes. Greinargerð fyrir umferðaröryggismat

³ Urbana + Pláss (2025, apríl). Útivistarstígur á Kársnesi – Rýni á valkostum.

⁴ ReSource International (2025, 30. apríl). Áhrif breikkunar útivistarstígs meðfram friðlýstri strandlengju við Kársnes á nærliggjandi umhverfi.

2. Tillaga að tvöföldun Kársnesstígs á landi alla leið

Í valkostagreiningu umhverfissviðs Kópavogsbæjar voru lagðir fram 5 valkostir að stíg um sunnanvert Kársnes sem tengir saman stofnstíg við botn Kópavogs og stofnstíg yfir Fossvogsbú (sjá nánar valkostagreiningu). Í rýni Úrbana og Pláss á framlögðum valkostum var niðurstaðan sú að valkostur 2, þ.e. tvöföldun Kársnesstígs á landi alla leið, væri heppilegastur þar sem hann væri langlíklegastur til að ná markmiði um „*aðgreinda strauma gangandi og hjólandi og báðir hópar noti þann stíg sem þeim er ætlaður*“ (bls. 6). Sú leið sé „*með rökrétt flæði og myndi líklega vera sú leið sem færstar hindranir myndi mæta hjólandi og gangandi*“ (bls. 10). Eindregið er mælt með vali á valkosti 2 sem framtíðarlausn fyrir útivistarstíginn á sunnanverðu Kársnesi.

Kársnesstígur hefur verið skilgreindur sem hluti af stofnleið hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu en slíkar leiðir tengja saman sveitarfélög, innviði þeirra og atvinnusvæði. Lögð er áhersla á að stofnstígakerfi sé aðlaðandi, auðratað, auðskilið, greiðfært og öruggt. Með tilkomu Fossvogsbúar og uppbyggingu íbúða á vestanverðu Kársnesi eykst vægi núverandi göngustígs hvað varðar samgöngur og útivist og gera má ráð fyrir að umferð um stíginn muni aukast töluvert. Af þessum sökum er lögð til tvöföldun Kársnesstígs.

3. Skortur á fullnægjandi forsendum

Framlögð kynningargögn leggja ríka áherslu á mikilvægi innviða fyrir virka ferðamáta og samgöngutengingar á höfuðborgarsvæðinu og í gögnunum er ítarlega fjallað um fyrirhugaða innviði innan skipulagssvæðisins, tæknilegar forsendur þeirra og markmið varðandi aðgreinda ferðamáta, aðgengi og öryggi.

Hins vegar er augljóst að heildarforsendur fyrirhugaðrar uppbyggingar á suðurströnd Kársness eru ófullnægjandi, þar sem nær alfarið er litið framhjá mikilvægum sálfélagslegum þáttum sem og þáttum er snúa að notkun svæðisins.

a. Engar upplýsingar um núverandi notkun svæðisins

Engin framlögð gögn innihalda upplýsingar um:

- Núverandi notendahópa innan svæðisins.
- Hvert sé umfang núverandi umferðar og ferðamáta innan svæðis. Í valkostagreiningu eru einungis gefnar upplýsingar um meðaltalsumferð gangandi og hjólandi um Kópavogsháls.

- Þá fjölbreyttu hópa sem dvelja á svæðinu til útivistar, leikja, athafna eða náttúruskoðunar.

Upplýsingar sem þessar ættu að vera grunnforsenda skipulagsákvæðana, enda verður ekki metið hvaða áhrif framkvæmd hefur á samfélag og velferð fólks nema grunnástand þessara þátta sé þekkt.

b. Takmarkaðar umferðarspár

Í valkostagreiningu segir: „*Gera má ráð fyrir að umferð um göngu- og hjólastíg um sunnanvert Kársnes verði síst minni [en umferð um Kópavogsháls] þegar tekið er tillit til að leiðin á milli miðbæjar og háskólasvæða verður mun greiðfærari þegar Fossvogsbrú verður komin í notkun og með aukinni áherslu almennings á vistvænar samgöngur og heilsusamlegt líferni“ (bls. 1). Hins vegar er í framlögðum gögnum ekki að finna:*

- Spár um mögulega aukningu umferðar á svæðinu nái tillaga fram að ganga.
- Mat á aukningu í ferðahraða hjólandi vegfarenda og hvers konar farartækja sé helst að vænta.
- Mat á áætluðum meðalhraða og hámarkshraða hjólandi vegfarenda og mat á áhættu vegna aukins ferðahraða.

Í framlögðum gögnum er mikil áhersla lögð á aðgreiningu ferðamáta, en engar tölulegar forsendur eru settar fram svo að hægt sé að meta raunveruleg áhrif þeirrar umferðar sem fara mun um fyrirhugaða samgönguinnviði.

c. Takmörkuð umfjöllun um áhrif á ró og friðsæld

Þó að í framlögðum gögnum sé minnst á að fyrirhuguð uppbygging geti haft neikvæð áhrif á ró og friðsæld svæðisins, er lítið um það fjallað og engar upplýsingar eru lagðar fram um hvaða matskvæðar voru notaðir. Má þar til dæmis nefna að:

- Engar upplýsingar eru um grunnástand hvað varðar ró og friðsæld eru lagðar fram eða um líkleg áhrif aukinnar og hraðari umferðar á upplifun þeirra sem sækja svæðið í þeim tilgangi.
- Engar upplýsingar eru lagðar fram varðandi hljóðvist innan svæðis né mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í þeim efnum.
- Ekkert mat er lagt fram á áhrifum þess að stofnleið hjólreiða færist nær lóðamörkum.

Af þessum sökum eru áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á ró, friðsæld og upplifun fólks ekki nægjanlega skýrð.

d. Engin umfjöllun um sálræna og félagslega þætti

Í framlögðum gögnum er ekki fjallað um:

- Staðaranda (*e. genius loci*) svæðisins.
- Staðartengsl (*e. place attachment*) ólíkra notendahópa.
- Félagslega þátttöku (*e. social participation*) og notkun svæðisins sem samverurýmis.
- Sálfræðilega endurheimt (*e. psychological restoration*) og heilsufarslegt gildi svæðisins.
- Mikilvægi þess að varðveita svæðið sem liggur þétt upp að lítt röskuðu/ósnortnu bláu náttúruverndarsvæði innan þéttbýlis og veitir einstakt tækifæri til tengsla við fjöru og standsvæði.

Öll ofangreind atriði eru lykilþættir í nútíma skipulagsgerð og í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun, lýðheilsu og manneskjumiðað skipulag.

e. Einhlíða mat á áhrifum framkvæmdarinnar

Í framlögðum gögnum er mikil áhersla lögð á mat frá sjónarhóli vegfarenda sem nýta fyrirhugaða samgönguinnviði á svæðinu. Á hinn bóginn er nær ekkert fjallað um aðra notendahópa sem nýta svæðið s.s.:

- Þá sem sækja inn á svæðið í leit að rólegu og friðsælu umhverfi og návist við náttúru.
- Fjölskyldur og börn sem nýta svæðið til dvalar og leikja.
- Eldri borgara sem nýta svæðið til gönguferða og endurnæringar.
- Viðkvæma hópa sem reiða sig á ró, öryggi og nánd við náttúru.

Í forsendum skipulagsins er því litið framhjá stórum og fjölbreyttum hópi notenda.

Í ljósi þess hversu takmarkaðar forsendur liggja fyrir um núverandi ástand, notkun svæðisins og sálfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar, er eðlileg og sjálfsgöð krafa að forsendur skipulagsvinnunnar verði endurskoðaðar í heild sinni.

Við endurskoðun forsendna er nauðsynlegt að:

- Birtar verði upplýsingar um núverandi notkun svæðisins. Metnar verði breytingar og áhætta með hliðsjón af aukinni og hraðari umferð.
- Birtar verði spár um væntanlegar breytingar innan svæðis í kjölfar framkvæmda, s.s. hvað varðar ásýnd, hljóðvist, upplifun og athafnir.
- Metin verði sálfélagsleg áhrif á fjölbreytta notendahópa með viðurkenndum aðferðum.

Án fyrrgreindra gagna er ekki unnt að meta með heildstæðum og faglegum hætti áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á valkosti um suðurströnd Kársness.

4. Sálfélagslegar forsendur

Í þessari umsögn eru dregnar fram mikilvægar sálfélagslegar forsendur, sem litið hefur verið framhjá að miklu eða öllu leyti, en líkt og fyrr segir er í framlögðum gögnum fyrst og fremst lögð áhersla á tæknileg atriði framkvæmdarinnar og almenn markmið um vistvænar og öruggar samgöngur.

Nauðsynlegt er að þeir sálfélagslegu þættir sem hér eru reifaðir verði metnir með ígrundaðri hætti en gert er í framlögðum gögnum, svo skýrari mynd fáist af áhrifum ólíkra valkosta á líðan, upplifun og heilsu annarra notendahópa en þeirra sem einungis nýta innviði svæðis til ferðalaga. Með því fæst styrkari grunnur fyrir upplýsta ákvarðanatöku um staðsetningu stígs um sunnanvert Kársnes sem tengir saman stofnstíg við botn Kópavogs og stofnstíg yfir Fossvogsbrú.

4.1 Aðgengi

Suðurströnd Kársness er eitt fárra svæða á höfuðborgarsvæðinu þar sem þétt byggð er í beinum tengslum við ósnortna eða lítt raskaða fjöru og strandsvæði. Rannsóknir á sviði umhverfissálfræði og lýðheilsuvísinda hafa sýnt að slíkt nærumhverfi tengist bættri andlegri og líkamlegri heilsu, sálfræðilegri endurheimt og aukinni almennri vellíðan.^{5 6 7} Hafa niðurstöður einkum lagt áherslu á tvennt:

- Gæði náttúrunnar. Til dæmis lítt röskuð fjara sem býður upp á sterka náttúruupplifun og fjölbreytt lífríki.⁸

⁵ Garrett, J. K., Clitherow, T. J., White, M. P., Wheeler, B. W., og Fleming, L. E. (2019). Coastal proximity and mental health among urban adults in England: The moderating effect of household income. *Health & Place*, 59, 102200.

⁶ Wang, X., Feng, B., og Wang, J. (2025). Green spaces, blue spaces and human health: An updated umbrella review of epidemiological meta-analyses. *Frontiers in Public Health*, 13, 1505292.

⁷ Smith, N., Georgiou, M., King, A. C., Tieges, Z., Webb, S., og Chastin, S. (2021). Urban blue spaces and human health: A systematic review and meta-analysis of quantitative studies. *Cities*, 119, 103413.

⁸ White, M., Smith, A., Humphryes, K., Pahl, S., Snelling, D., og Depledge, M. (2010). Blue space: The importance of water for preference, affect, and restorativeness ratings of natural and built scenes. *Journal of Environmental Psychology*, 30(4), 482-493.

- Greitt og óhindrað aðgengi að náttúru. Fjarlægð frá heimili, auðveld leið að vatni eða sjó, og möguleikinn á dvöl innan svæðis eru lykilforsendur þegar kemur að jákvæðum áhrifum blárra svæða á heilsu.^{9 10}

Framlögð umhverfismatsskýrsla vísar réttilega til gildandi skipulagslaga um að í þéttbýli skuli almenningur hafa greiðan aðgang að „vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði“ (bls 6). Á skipulagsuppdraetti er aðgengi að fjöru sýnt á þremur stöðum og í umhverfisskýrslu segir að fyrirhuguð uppbygging tryggji „aðgengi almennings að þeim gæðum sem strandlengjan býður uppá“ (bls. 6). Þá segir í samantekt umhverfisskýrslu að fyrirhuguð uppbygging muni hafa jákvæð áhrif á „aðgengi að gæðum strandarinnar fyrir almenning“ (bls. 8).

Hins vegar eru í framlögðum gögnum engar upplýsingar um hvaða notendahópar leggja leið sína í fjöruna, hversu margir þeir eru og í hvaða tilgangi eða hvort núverandi aðstæður séu taldar fullnægjandi. Þá er hvergi minnst á hvort stofnleið hjólreiða, sem mun liggja á milli byggðar og fjöru, geti skapað nýja hindrun í aðgengi ákveðinna hópa þar sem þeir þurfa að þvera hana til að komast að fjöru.

Því vekur athygli að rökstuðningur um aukið aðgengi að fjörunni sé lagður til grundvallar lagningu stofnleiðar hjólreiða, enda eru þetta aðskildar framkvæmdir sem byggja á ólíkum forsendum. Í framlögðum gögnum er ekki að finna neina röklega tengingu milli lagningar stofnleiðar hjólreiða og aukins aðgengis að fjöru. Af þeim sökum verður ekki séð að niðurstaða umhverfismats um jákvæð áhrif á aðgengi að strandsvæðum tengist lagningu umræddrar stofnleiðar með trúverðugum hætti.

⁹ Garrett, J. K., Clitherow, T. J., White, M. P., Wheeler, B. W., og Fleming, L. E. (2019). Coastal proximity and mental health among urban adults in England: The moderating effect of household income. *Health & Place*, 59, 102200.

¹⁰ Brown, S. (2020). The social benefits of blue space: A systematic review. *Commissioned by the Environment Agency. Bristol.*

4.2 Dvínandi öryggistilfinning og breytt notkunarmynstur

Í framlögðum gögnum er lögð áhersla á styrkingu innviða fyrir virka ferðamáta og að tryggja öryggi fyrir alla notendahópa, m.a. með aðskilnaði gangandi og hjólandi vegfarenda. Í valkostagreiningu segir að með „*tilkomu hraðskreiðra keppnishjóla, notkunar aftanívagna, rafmagnshlaupahjóla, rafhjóla og annarra fjölbreyttra samgöngutækja [sé] fleirum fært að hjóla*“ (bls. 1). Þá segir enn fremur í valkostagreiningunni: „*Hraðinn er orðinn meiri með tilkomu rafknúinna farartækja og því er enn brýnna að aðskilja umferð gangandi og hjólandi til að tryggja öryggi og ánægju allra vegfarenda*“ (bls. 1). Í umhverfismatskýrslu segir að aðskilnaður gangandi og hjólandi auki öryggi beggja vegfarendahópa og í samantekt hennar eru áhrif framkvæmdarinnar á öryggi metin jákvæð.

Í framlögðum gögnum er hins vegar ekkert minnst á öryggi þeirra sem nota svæðið með öðrum hætti, s.s. til dvalar, samveru, leikja, náttúruupplifunar og náttúruskoðunar. Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um núverandi notendahópa og nýtingu svæðisins, er erfitt að meta raunveruleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á öryggi þessara hópa. Rannsóknir á útivistarsvæðum benda þó til að upplifuð hætta, hraðari umferð og ófyrirsjáanlegt samspil ferðamáta dragi úr notkun svæðanna, einkum meðal barna, eldra fólks og viðkvæmra hópa.^{11 12}

Með hliðsjón af fyrirhuguðum framkvæmdum má því telja líklegt að:

- Aukin og hraðari hjólaumferð um stígakerfi sem liggur milli byggðar og fjöru og þétt upp að göngustíg dragi úr öryggisupplifun þeirra sem dvelja innan svæðisins.
- Börn sæki síður inn á svæðið og foreldrar verði tregari til að leyfa þeim að dvelja og leika sér innan svæðisins, sem skerðir tækifæri til hreyfingar og útiveru.
- Eldra fólk og viðkvæmir hópar dragi sig frekar í hlé, upplifi þeir að stofnleið hjólreiða, með hraðri umferð, sé ríkjandi á kostnað rólegrar útivistar.

Enginn þessara þátta er tekinn til sértækrar skoðunar í umhverfismatinu.

4.3 Friðsæld og endurheimtandi áhrif

Í framlögðum gögnum er tekið fram að fyrirhuguð framkvæmd og sú aukna umferð sem henni fylgir geti dregið úr þeirri „*kyrrð og einangrun*“ sem margir sækja í þegar dvalið er í

¹¹ Svenskt Friluftsliv (2023). Benefits of Outdoor Recreation and Access to Nature – a review of current evidence of added value.

¹² Rosenberg, P., Kano, M., Ludford, I., Prasad, A., og Thomson, H. (2016). *Global report on urban health: equitable, healthier cities for sustainable development*. World Health Organization.

náttúrulegu umhverfi. Þrátt fyrir ótvírætt mikilvægi þessara eiginleika í sálfélagslegu samhengi eru þessir þættir taldir fremur léttvægir í umhverfisskýrslu og eru ekki nefndir í samantekt hennar.

Sálfræðileg endurheimt (*e. psychological restoration*) er skilgreind sem endurnýjun andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar getu eða hæfni sem hefur minnkað við að mæta kröfum hversdagsins.¹³ Áratuga rannsóknir hafa sýnt að dvöl í náttúrunni, sem og innan grænna og blárra svæða í þéttbýli, styður við ferli endurheimtar með mjög virkum hætti, þó að því gefnu að fyrir hendi séu aðstæður sem gera ferlið mögulegt.¹⁴ Í því sambandi skiptir höfuðmáli að streituvaldar og ágeng áreiti, sem valda óöryggi eða truflunum séu ekki fyrir hendi, enda krefst ferlið þess að einstaklingur geti slakað á og leyft huganum að reika með fyrirhafnarlausum hætti. Hafa rannsóknir sýnt að ferlið leikur mikilvægt hlutverk í heilsueflingu og velferð fólks¹⁵ og er lykilþáttur í samfélagslegri sjálfbærni, sem er ein grunnstoða sjálfbærrar þróunar.

Í ljósi þessa eru græn og blá svæði innan þéttbýlis, sem bjóða upp rólegt og afslappandi umhverfi og eru laus við ágenga streituvalda og truflanir, talin vera ein allra mikilvægustu svæðin þegar kemur að heilsueflingu og velferð þéttbýlisíbúa. Jafnframt dregur aðgengi að slíkum svæðum úr heilsufarslegum ójöfnuði milli þjóðfélags hópa, sem fer vaxandi hérlandis.^{16 17}

Núverandi aðstæður innan skipulagssvæðis uppfylla mörg af þeim skilyrðum sem talið er að styðji við ferli sálfræðilegrar endurheimtar. Röskun á ró og friðsæld innan svæðisins er því viðfangsefni sem krefst meiri athygli en raun ber vitni í framlögðum gögnum, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir munu:

- Stuðla að aukinni og hraðari umferð sem getur dregið úr endurheimtandi eiginleikum svæðisins, t.d. vegna aukinna sjón- og hljóðrænna áreita og aukins ófyrirsjáanleika.

¹³ Kaplan, R., og Kaplan, S. (1989). *The experience of nature: A psychological perspective*. Cambridge University Press.

¹⁴ Hartig, T. (2004). Restorative environments. Í C.D. Spielberger (ritstj.), *Encyclopedia of Applied Psychology*, (bindi 3, bls. 273-279). Elsevier.

¹⁵ Ibid.

¹⁶ Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, Hildur Björk Sigbjörnsdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson (2021). *Ójöfnuður í heilsu á Íslandi. Ástæður og árangursríkar aðgerðir til úrbóta. Greining á gögnum rannsóknarinnar. Heilsa og líðan Íslendinga*. Embætti landlæknis.

¹⁷ Rosenberg, P., Kano, M., Ludford, I., Prasad, A., og Thomson, H. (2016). *Global report on urban health: equitable, healthier cities for sustainable development*. World Health Organization.

- Breyta ásýnd svæðisins, þar sem „harðir“ innviðir koma í stað „mjúkra“ náttúrulegra þátta, sem dregur úr tilfinningu fólks um að vera „í náttúrunni“ og hefur áhrif á ferli sálfræðilegrar endurheimtar.
- Draga úr nýtingu svæðisins til sálfræðilegrar endurheimtar, þar sem fólk sem sækir í rólegt og afslappandi umhverfi - þar sem hægt er að njóta hvíldar, líta inn á við og láta hugann reika - hættir að sækja svæðið heim eða stytir dvöl sína.

Af þessu leiðir, að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á sálfræðilega endurheimt eru bæði vanmetin og ekki nægjanlega rannsökuð í framlögðum gögnum, þrátt fyrir sterkar vísindalegar vísendingar um mikilvægi þessa þáttar fyrir líðan og heilsu íbúa.

4.4 Félagsleg þátttaka

Í framlögðum gögnum kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni styrkja félagslega þátttöku, m.a. vegna aukins aðgengis og öryggis.

Félagsleg þátttaka (e. *social participation*) skýrir þátttöku einstaklinga í félagslegri hringiðu samfélagsins, hvort sem um er að ræða formlega eða óformlega þátttöku, og að hvaða marki þeir upplifa sig sem hluta af félagslegu neti og samskiptum.¹⁸ Hugtakið nær m.a. yfir:

- Virka þátttöku í daglegum samskiptum, t.d. það að hitta nágranna og spjalla við fólk á förnum vegi.
- Upplifun af tengslum og tilfinningu um að tilheyra samfélagi.
- Þátttöku í sameiginlegum rýmum, s.s. nýtingu gönguleiða og útivistarsvæða til dvalar, leikja og athafna.¹⁹

Þótt fyrirhugaðar framkvæmdir geti aukið félagslega þátttöku meðal þeirra sem nýta stígakerfið til daglegra ferðalaga, þá er jafnframt hætta á að þær dragi úr þátttöku annarra hópa. Verði sú upplifun ríkjandi að svæðið sé fyrst og fremst ætlað hraðri hjólaumferð, dregur það úr líkum þess að fólk staldri við, spjalli og dvelji innan svæðis. Fyrir þá sem t.d. sækja svæðið í leit að rólegu, friðsælu og náttúrulegu umhverfi eða til samveru með börnum, getur aukinn hraði og aukið áreiti dregið úr notkun með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á félagslega þátttöku.

¹⁸ Levasseur, M., Richard, L., Gauvin, L., og Raymond, É. (2010). Inventory and analysis of definitions of social participation found in the aging literature: Proposed taxonomy of social activities. *Social Science & Medicine*, 71(12), 2141-2149.

¹⁹ Brown, S. (2020). The social benefits of blue space: A systematic review. *Commissioned by the Environment Agency. Bristol.*

Það er því mikil einföldun á flóknu samspili fólks og umhverfis að líta svo á að áhrif framkvæmdarinnar á félagslega þátttöku séu heilt yfir jákvæð, líkt og framlögð gögn gera. Réttara væri að segja að áhrifin séu líklega jákvæð fyrir suma en neikvæð fyrir aðra.

4.5 Breyttur staðarandi og minnkandi staðartengsl

Staðaranda (e. *genius loci*) er lýst sem samspili byggðar, landslags, mannlífs og sögu sem mótar upplifun fólks af tilteknum stað, sem og táknræn og tilfinningaleg tengsl við hann.²⁰ Rannsóknir í umhverfissálfræði sýna að slík tengsl, sem kölluð eru staðartengsl (e. *place attachment*), styðja við sjálfsmynd einstaklinga, styrkja rótgróin félagsleg tengsl þeirra og efla vilja til að leggja sitt af mörkum til verndunar og mótunar þess staðar sem þeir tengjast.²¹

Þrátt fyrir ótvírætt vægi þessara þátta í sálfélaglegu samhengi er hvorki fjallað um staðaranda né staðartengsl í framlögðum gögnum. Ekkert mat er lagt á það hvernig fyrirhuguð framkvæmd, aukin umferð og ferðahraði sem og breytt ásýnd svæðisins komi til með að hafa áhrif á upplifun þeirra sem hafa notað svæðið um langt skeið, bundist því sterkum tilfinningaböndum og tengt það við daglegt líf, útivist, fjölskyldulíf og náttúruupplifun.

Erfitt er að leggja mat á breytingar á landslagi og ásýnd út frá framlögðum gögnum. Þar er lítið gert úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd, jafnvel þótt hún muni auka „*mannbert yfirbragð*“ á um 1 km kafla þar sem landrými er víða takmarkað og farið sé að hluta til yfir gróin svæði. Í samantekt umhverfisskýrslu eru áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd sögð óveruleg, einkum á þeirri forsendu að ekki sé hróflað við mörkum lands og strandar og að nýr stígur verði lagður við hlið þess sem fyrir er.

Rétt er þó að benda á í þessu samhengi að rannsóknir sýna að skyndilegar og umfangsmiklar breytingar á ásýnd og eðli umhverfis geta rofið samfellu,²² breytt staðaranda og leitt til tilfinningar um missi, reiði og dvínandi staðartengsl.²³ Slíkt getur haft neikvæð áhrif á samfélagslegan stöðugleika, tengsl notenda við umhverfið og vilja fólks til að styðja

²⁰ Norberg-Schulz, C. (1980). *Genius loci: Towards a phenomenology of architecture*. Rizzoli.

²¹ Lewicka, M. (2011). Place attachment: How far have we come in the last 40 years? *Journal of Environmental Psychology*, 31(3), 207–230.

²² Hidalgo, M. C., og Hernandez, B. (2001). Place attachment: Conceptual and empirical questions. *Journal of Environmental Psychology*, 21(3), 273-281.

²³ Laine, M., Leino, H., og Santaoja, M. (2022). Building citizens' trust in urban infill: A dynamic approach. *Journal of Planning Education and Research*, 42(3), 294-304.

við áframhaldandi þróun, þar sem allt þetta gengur þvert á markmið um sjálfbæra og manneskjumiðaða uppbyggingu.²⁴

4.6 Andstaða felur í sér kröfu um samfellu í þróun svæðis

Andstaða við lagningu stofnleiðar fyrir hjólreiðar um suðurströnd Kársness, eins og hún birtist í framlögðum skipulagsgögnum, felur í sér sjónarmið um að vernda eftirsóknarvert umhverfi, það samfélag sem þrífst á svæðinu, sem og rótgróin táknræn og tilfinningaleg tengsl fólks við staðinn. Sú staðreynd að þeir aðilar, sem nýta svæðið í núverandi mynd og hafa bundist því sterkum böndum, vilji sjá samfellu í þróun þess til framtíðar, er skýr birtingarmynd ábyrgðar fólks gagnvart því umhverfi sem skiptir það máli.

Í þeim skilningi felur andstaðan í sér kröfu um að sálfélagsleg gæði svæðisins, s.s. friðsæld, nánd við lítt raskaða eða ósnortna náttúru, aðgengi að fjöru, staðarandi, tilfinningaleg og táknræn tengsl, tækifæri til sálfræðilegrar endurheimtar og félagslegra samskipta, sem og möguleiki til fjölbreyttra formlegra og óformlegra athafna - verði tekin jafn alvarlega og tæknilegar forsendur við mat á valkostum.

4.7 Framsetning gagna

Afar áberandi er í framsetningu framlagðra kynningargagna hversu einhliða þau eru, þar sem nær einungis er horft á viðfangsefnið frá sjónarhóli þeirra sem ferðast um svæðið. Samtímis er litið framhjá mikilvægum sálfélagslegum þáttum og einföld mynd dregin upp af flóknu samspili fólks og umhverfis.

Framsetning sem þessi er ekki til þess fallin að efla traust hagsmunaaðila á skipulagsferlinu. Þvert á móti benda niðurstöður rannsókna til þess, að þegar sjónarmið og þarfir tiltekinna hópa eru sniðgengnar og rökstuðningur virðist einhliða og ófullnægjandi, aukist líkur á tortryggni, varnarviðbrögðum og neikvæðri afstöðu gagnvart fyrirhuguðum framkvæmdum.^{25 26}

Athygli vekur einnig, að myndefni í framlögðum gögnum er í einhverjum tilfellum ófullnægjandi, og jafnvel villandi. Má í því sambandi nefna, að í valkostagreiningu eru birtar

²⁴ Tait, M. (2011). Trust and the public interest in the micropolitics of planning practice. *Journal of Planning Education and Research*, 31(2), 157–71.

²⁵ Laine, M., Leino, H., og Santaoja, M. (2022). Building citizens' trust in urban infill: A dynamic approach. *Journal of Planning Education and Research*, 42(3), 294-304.

²⁶ Tait, M. (2011). Trust and the public interest in the micropolitics of planning practice. *Journal of Planning Education and Research*, 31(2), 157–71.

tölvugerðar myndir (t.d. myndir 11 og 12) sem sýna eiga stemningu á fyrirhuguðum hjóla- og göngustíg. Þar er dregin upp mjög afslöppuð sumarstemning, þar sem fá hjól fara hægt yfir og gangandi vegfarendur njóta návistar við náttúru. Á myndunum er hvorki tekið mið af þeim hraða, umfangi né fjölbreytileika hjólaumferðar sem eðlilegt er að gera ráð fyrir á stofnleið hjólreiða. Þá eru veðurskilyrði sýnd svo helst minnir á bestu sumardaga hérlendis, fremur en „*dæmigert*“ íslenskt veður sem mun mæta vegfarendum stærstan hluta ársins.

Þótt aðstæður líkt og þær sem sýndar eru á myndunum geti vissulega komið upp, eru þær langt frá því að draga upp líklega og trúverðuga mynd af aðstæðum innan svæðisins, verði framkvæmdin að veruleika. Slík myndræn framsetning er því allt eins líkleg til skapa tortryggni í garð yfirvalda, veikja samráð og auka mótstöðu hagsmunaaðila.

5. Lokaorð

Heilt yfir bendir þessi sálfélagslega greining til þess að framlögð kynningargögn gefi einungis takmarkaða og einhliða mynd af forsendum og áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Þó að markmið um bættu innviði fyrir virka ferðamáta séu skiljanleg og mikilvægt framlag til vistvænna samgangna og aukinnar sjálfbærni, er ljóst að verulega skortir á greiningu á núverandi notkun svæðisins, sálfélagslegu gildi þess, áhrifum á öryggi ólíkra notendahópa, sálfræðilegri endurheimt, félagslegri þátttöku, staðaranda og staðartengslum. Nauðsynlegt er að þessi þættir og mögulega fleiri verði teknir til gaumgæfilegrar skoðunar og vigtaðir inn til jafns við tæknilegar forsendur, og að ólíkir valkostir verði bornir saman út frá heildstæðu mati á sálfélagslegum þáttum og heilsu ólíkra notendahópa. Fyrr en það hefur verið gert liggur ekki fyrir fullnægjandi grundvöllur fyrir ákvörðun um að festa stofnleið hjólreiða um suðurströnd Kársness í sessi.

Páll Jakob Líndal

dr. í umhverfissálfræði